

Ar 1980, mánudaginn 28. júli, var í málinu nr. 3/1980 kveðinn
upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi.

ÚRSKURÐUR :

Málavextir eru þeir að með bréfi, dags. 28. desember 1978, fóru
þær Sigriður og Guðný Ólafsdætur þess á leit við Fasteignamat ríkisins
að tekið yrði til endurmat landspilda á svonefndu Hvammasvæði í
Hafnarfirði. Land þetta hafði verið þeirra eign, en verið tekið eigna-
námi fyrr á árinu 1978 af Hafnarfjarðarbæ. Spilda þessi var 6604 m²
að stærð og merkt þjóðskrárnr. 8470-5600.
Hún var metin á kr. 6.048.000.- í fasteignaskrá þeirri, sem tók gildi
1. desember 1978. Kröfù um endurmat var hafnað með úrskurði Fasteigna-
mats ríkisins frá 6. júli 1979. Þeim úrskurði skutu kærendur til
Yfirlasteignamatsnefndar með bréfi, dags. 17. nóvember 1979.
Telja þeir fasteignamatið alltof lágt; eins og nánar er rökstutt í bréf-
inu.


Hér er aðeins til úrlausnar, hvert beri að telja rétt fasteignamat
framangreindrar landspilda í fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi
1. desember 1978. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sér,
var deiliskipulagsuppráttur af Hvammasvæðinu samþykktur á fundi bæjar-
stjórnar Hafnarfjarðar hinn 10. október 1978. Hinn 13. desember 1978
samþykkti skipulagsstjórn ríkisins uppdráttinn til auglýsingar og athuga-
semda í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Hann var síðan staðfestur í
júli 1979. Svæði þetta var skipulagt sem íbúasvæði og er byggð nú
að rísa þar. Með hliðsjón af þessum upplýsingum og öðrum gögnum, sem
fyrir liggja, telst fasteignamatsverð umrædds lands hæfilega ákveðið
kr. 11.557.000.- í fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember
1978.

ÚRSKURÐARÓRD :

Ofangreind 6.604 m² landspilda (Þjóðskrárnr. 8470-5600), aður í
eigu Sigriðar og Guðnýjar Ólafsdætra, telst hæfilega metin á kr.
11.557.000.- í fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1978.


Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson


Pétur Stefánsson